

Lög

**um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum,
eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

1. gr.

Við lögini bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolífu skal vera 120.000 kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni.

Heimild til lækkunar skv. 1. mgr. gildir til 31. desember 2003.

Ráðherra getur sett nánari reglur um lækkun vörugjalds samkvæmt þessu ákvæði, svo sem um tæknilegan búnað bifreiðar, hvað teljist vera „að verulegu leyti“ skv. 1. mgr. og þau gögn sem leggja þarf fram með umsókn um lækkun vörugjalds á grundvelli þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Sé þess óskað skal endurgreiða vörugjald af þeim bifreiðum sem uppfylla skilyrði 1. gr. þessara laga og tollafgreiddar eru milli 10. febrúar 2000 og gildistöku laganna.

Samþykkt á Alþingi 26. apríl 2000.